



494. Stjórnarfundur haldinn 9. nóvember. 2017 kl:18:00.

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI) og Sveinn Adolfsson (SA). og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Birgir Már Bragason (BMB)

1. Fundagerð síðasta fundar

Farið yfir og samþykktar.

2. Innkomin bréf.

Erindi frá Körfuknattleiksdeild Keflavíkur v/frestun á greiðslu láns til aðalstjórnar. Jón Halldór Eðvaldsson mætti fyrir hönd körfuknattleiksdeildar og fór yfir stöðu deildarinnar og forsendur bréfsins. Nokkrar umræður um erindið. **Samþykkt að verða við erindinu.**

Bréf frá UMFÍ v/skipan í nefndir á vegum UMFÍ. **Móttekið og EH spurði stjórnarmenn hvort þeir vildu taka sæti í einhverri nefnd á vegum UMFÍ. Stjórnarmenn láta vita á næsta stjórnarfundu.**

Afrit af minnispunktum fundar um malarvallasvæði við Hringbraut 108. **Móttekin og lesinn. (er sér liður)**

Afrit af erindi ÍRB til íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar v/ hækkunar á þjálfarastyrk. **Móttekið.** Skoðunarskýrsla á brunaviðvörðunarkerfi Hringbrautar 108 frá Öryggismiðstöðinni. **Móttekið.**

3. Send bréf.

Tölvupóstur sendur á Hafþór Barða Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar v/upplýsingar um félagið og deildir þess vegna vetrarbæklings Reykjanesbæjar.

4. Launa- og bókhaldskerfi.

Innleiðing á nýju bókhaldskerfi er komin af stað. Launakerfi verður tekið eftir áramótin.

5. Malarvöllurinn við Hringbraut.

EH sagði frá fundi 19. október sem hann átti með Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa og Guðlaugi Helga Sigurjónssyni sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar um framtíðarsvæði malarvallarins. Minnispunktar lágu fyrir fundinum.

6. Hringbraut 108.

EH sagði frá því að Guðbjörg Jónsdóttir leigutaki af Hringbraut 108 hafi komið og látið vita að hún treystir sér ekki að vera með húsið áfram í leigu. Leigutímabili lýkur 15. desember.

7. Jólblað Keflavíkur 2017.

Jólblaðið er komið af stað. Búið að senda tölvupóst á deildir v/skila á greinum.

Opnu-viðtalið er komið af stað. Myndataka af aðalstjórn Keflavíkur er áætluð 23. nóvember eftir stjórnarfund.

8. Önnur mál.

EH sagði frá því að hann hefði óskað eftir tilboði í tölvusíma fyrir félagið. Tilboðið lá fyrir. **EH heldur áfram að skoða málið.**

Tölvupósturinn hefur verið færður yfir í microsoft 365.

Keypt voru fimm leyfi á office-pakkann gegnum Tactica.

Erindi þorablótsnefndar Keflavíkur og Njarðvíkur til íþrótt- og tómstundaráðs Reykjanesbæjar v/ kaup á gólfefnum til að verja parket íþróttahúsa, sviðs, borða og stóla. **Aðalstjórn er sammála erindinu.**

Ath. með gjöf til formanna og framkvæmdastjóra deilda Keflavíkur.

EH kom með húfusafnið sem hann á, en húfur eru ýmist áritaðar eða ekki.

EH sagði frá fundi sem hann átti með formanni íþrótt- og tómstundaráðs og íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar v/meðferðar og afgreiðslu á innsendum erindum frá félaginu.

Næsti fundur 23. nóvember kl. 18:00

Fundi slitið 19:05 Fundinn ritaði BS.

